



GILDANDI DEILISKIPULAG 1:2000

SAMPYKKT Í SKIPULAGS- OG UMFERÐARNEFND 25.09.2000  
 SAMPYKKT Í BORGARRÁÐI 26.09.2000  
 AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA 24.10.2000




DEILISKIPULAG TILLAGA A 1:2000

DAGS UPDRÁTTAR 20.09.2001



SNID B - B

Mkv. 1 : 500



mælikvarði

## Breikkun Miklubrautar á milli gatnamóta Kringlumýrabraut og Grensásvegur.

### Greinargerð við gildandi deiliskipulag

Deiliskipulagið sýnir skipulag samgöngumannvirkja og veghelgunarsvæði Miklubrautar frá gatnamótum við Kringlumýrabraut og að gatnamótum við Grensásveg. Með deiliskipulaginu er verið að rýmka fyrir umferð bifreiða til austurs frá gatnamótum við Kringlumýrabraut. Samhlöða þessum aðgerðum er verið að færa göngustiga fjar götu og umferðarnið. Að sunnanverðu fer tengistigurinn að stórum hluta í skjól við hljóðmón og gróður.

### Umferðarhávaði - hljóðstig

Árið 1996 var reiknað hljóðstig við húsveg á allmörgum stöðum í borginni, meðal annars við Miklubraut. Samkvæmt niðurstöðum reikninga er hæsta hljóðstig við húsveg efri hæða íbúðablokka við Háaleiti, Safamyri og Fellsmúla, sem snúa að Miklubraut, líklega um 65-68 dB. Við útreikninga á hljóðstigi var sjónum beint að þeim húsum sem liggja næst Miklubraut og var hávaði reiknaður í tveimur sniðum. Niðurstöður útreikninga benda til að hljóðstig breytist tiltölulega lítið frá því sem nú er, eða hækkir um 0,5 - 1 dB(A), þrátt fyrir nokkra aukningu umferðar. Í forsendum útreikninga er reiknað er með hámarks hraða 60 km/klst., n umferðinni er stjórnað með ljósum sem eru stillt inná græna bylgju svo að líklegt er að hraði aukist þó að gatan verði breikkuð. Hljóðstig er alls staðar undir fráviksmörkum, 65 dB(A), við húsveggi í 2m hæð frá jörðu, en gæti verið 65-68 dB(A) á þriðju og fjórðu hæð húsa. Byggð verður jarðvegsmön meðfram fyrirhugaðri framkvæmd eins og kemur fram á upprætti og er henni ætlað að draga úr hávaða frá umferð og getur það numið allt að 6-8 dB(A) lækkun á hljóðstigi fyrir neðri hæðir húsa og garða.

### Helstu breytingar frá núverandi aðstæðum

#### Gatnakerfi:

Syðri akbraut Miklubrautar til austurs breikkuð um eina akreinu með tilheyrandi aðlögun að gatnamótum við Kringlumýrabraut, Háaleitisbraut og Grensásveg. Frá gatnamótum Kringlumýrabrautar austur fyrir aðreinu frá Kringlu inn á Miklubraut er breikkun fyrirhuguð til norðurs inn í núverandi umferðareyju, en frá þeirri aðreinu yfir gatnamót Háaleitisbrautar og Grensásvegur verður akbraut breikkuð til suðurs. Fyrirhuguð breikkun er 3,5m. Gatnamót eru breikkuð á sama hátt. Beygjurein vinstri beygja á gatnamótum Kringlumýrabrautar og Miklubrautar og á gatnamótum Háaleitisbrautar og Miklubrautar verður lengd nokkuð frá því sem nú er. Áætlað er að færa fráreinu Kringlu inn á Miklubraut til og er hún samkvæmt deiliskipulaginu vestar en núverandi tenging. Fráreinu bensinstöðvar verður inn á þessa nýju fráreinu.

#### Göngu- og hjólréiðastigar:

Helstu breytingar á göngustigum eru að stofnstigar norðan við Miklubraut eru færðir fjar götunni og nær skjólbeltum sem liggja meðfram götunni. Stigar norðan Miklubrautar er áætlaðir 4m breiðir eftir því sem við verður komið. Tengistigar að sunnanverðu verða einnig færðir fjar götunni. Frá stoppstöð SVR við bensinstöð að sunnanverðu er göngustig beint inn að Kringlu, og meðfram götunni til austurs og yfir Kringluna á leið til austurs meðfram lóðarmörkum blokka sem standa við Hvassaleiti. Á þessum kafla er stigurinn í skjóli frá hljóðmón á milli stigs og götu. Austan við Háaleitisbraut er stigurinn sveigður frá götunni.

#### Girðingar:

Með girðingu eftir miðeyju Miklubrautar er lokað fyrir gönguleiðir yfir Miklubraut utan við gangbrautir við ljósastýrt gatnamót og undir brú við Kringlu.

#### Gróður:

Allur núverandi gróður verður látinn standa eins og hægt er. Hluti af ungunum gróðri sem er sunnan við Miklubraut á mótis við blokkir við Hvassaleiti þarf þó að færa til á meðan komið verður fyrir 2m hári hljóðmón. Þessum gróðri verður síðan komið fyrir í hljóðmóninni, auk þess sem talsvert verður gróðursett í ný gróðurbeði í fláa hljóðmananna.

#### Manir og hljóðvarnir:

Gert er ráð fyrir hljóðmón sunnan við Miklubraut á mótis við blokkir við Hvassaleiti, sem að jafnaði verður 2m há. Einnig má benda á möguleika á að koma fyrir hljóðvörnum við blokkir við Safamyri og við Fellsmúla, annaðhvort með girðingu inni í skjólbelti, eða hljóðmón út að götu.

### HELSTU BREYTINGAR

Tillaga A er breyting á deiliskipulagi sem samþykkt var í skipulags- og umferðarnefnd þann 25.09.00.

#### Göngubrú:

Göngubrú verður gerð yfir Miklubraut á mótis við félagheimili Fram að norðanverðu og íbúðablokkar við Háaleitisbraut nr. 28 og 30 að sunnanverðu. Forhönnun á brúnni hefur þegar verið unnin og lega hennar hefur verið skoðuð. Staðsetning brúarinnar er ákveðin í framhaldi af vinnu við forhönnun marnvirkisins, þó með fyrirvara við nánari útfærslu.

#### Göngustigar:

Sunnan Miklubrautar: Göngustigar eru aðlagðir göngubrú með röppum og tröppum. Aðalgönguleiðin meðfram Miklubrautinni er sveigð undir göngubrúna út undir götuna og áfram yfir umferðarrampa frá Kringlunni og suður fyrir bensinstöð. Norðan Miklubrautar: Aðalgönguleiðin er á sama hátt sveigð í átt að götunni og undir göngubrúna. Síðan sveigir hún frá Miklubrautinni og upp á mótis við Framsvæðið þar sem hún liggur norðan við bensinstöðina og tengist núverandi göngustigi. Núverandi gönguleið á eyju á milli bensinstöðvar og Miklubrautar verður lögð niður.

#### Gróður:

Endastöplar brúarinnar að sunnanverðu og göngurampar setja núverandi grenilundi í nokkra hættu. Lögð verður áhersla á við endanlega útfærslu að gera allt sem mögulegt er til að þessi trjágróður geti staðið áfram í þeirri mynd sem nú er. Norðan við Miklubrautina er gert ráð fyrir að rampar lenti inni í núverandi gróðurbeðum. Gert er ráð fyrir að gróðursett verði í fláa við þessa rampa. Þar sem gönguleið er sveigð að Fram svæðinu er reiknað með að fara þurfi í gegnum skjólbelti og að færa þurfi girðingu. Að jafnaði er miðað við að sá gróður sem þurfi að fjarlægja vegna framkvæmdanna verði endurbættur.



YFIRLITSMYND

### SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- NÚVERANDI HÆÐARLÍNUR
- NÝJAR HÆÐARLÍNUR
- NÚVERANDI GÖNGUSTÍGUR
- NÚVERANDI GÖNGUSTÍGAR FJARLÆGGDIR
- NÝIR GÖNGUSTÍGAR
- NÝIR GÖNGUBRÚ
- HLJÓÐMANIR
- GIRÐING Í MIÐEYJU
- NÚVERANDI GRÓÐURBED
- NÝ GRÓÐURBED

SJÁ JAFNFRAMT MEDFYLGJANDI GREINARGERÐ

TILLAGAN VAR AUGLÝST TIL KYNNINGAR  
 FRÁ 19 okt TIL 16 nov  
 MED ATHUGASEMDAFRESTI TIL 17 Des

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SKV. 25 GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGARLAGA NR 73/1997 VAR SAMPYKKT ÞANN. 18. DES. 2001 Í BORGARRÁÐI REYKJAVÍKUR

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN

*Helga Þragadóttir*

sept. 2001. Tillaga A

**BREIKKUN MIKLUBRAUTAR / deiliskipulag**  
 FRÁ KRINGLUMÝRARBRAUT AÐ GRENÁSVEGI  
 HLJÓÐMANIR - LANDMÖTUN - NÝIR STÍGAR

KVARDI: 1:2000 TEIKN NR:  
 DAGS: 31.07.00 HANNAÐ: FK  
 FLOKKUR: 0040 VERKNR: 00068 TEIKNAD: FKFR

